



Apótek skógarins

Hraundís Guðmundsdóttir

Hraundís. hraundis@hraundis.is

Fyrirtækið Hraundís framleiðir íslenskar ilmkjarnaolíur, aðallega úr skógum Íslands. Ilmkjarnaolíurnar eru búnar til með eimingu í sérstökum gufueimingartækjum þar sem gufan er leidd í gegnum plöntuna en við það losnar olían úr. Olían er léttari en vatn og flýtur ofan á í skilju og þannig næst hrein olía úr plöntunni.

Ilmkjarnaolíur hafa mismunandi virkni eftir því úr hvaða plöntum þær eru unnar. Allar olíur sem fyrirtækið framleiðir eru sendar í efnagreiningu erlendis til að sjá virkni hverrar olíu. Þær eru ýmist verkjastillandi, bólgueyðandi, bakteríudrepanði, róandi eða örvandi svo eitthvað sé nefnt. Ilmkjarnaolíur eru notaðar í flestar snyrtivörur eins og sápur og andlitskrem. Grasalæknar og nuddarar nota mikið ilmkjarnaolíur til að hjálpa fólki við bólgum og verkjum í líkamanum.

Framleiðslan fer fram á Hvanneyri en hráefnið er sótt um land allt, þó aðallega í skóga Borgarfjarðar. Um sjálfbæra framleiðslu er að ræða þar sem einungis er nýtt hráefni sem skilið er eftir í skóginum við uppkvistun, grisjun eða skógarhögg. Fyrirtækið selur í dag um tólf tegundir af íslenskum ilmkjarnaolíum og ýmsar blöndur úr þeim fólki til heilsubótar.

